

**3517. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
fimmtudaginn 10. nóvember 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2201152 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022**

Samráð um frumvarp til breytinga á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Innviðaráðuneytið vekur athygli á því að áform um lagabreytingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hafa verið birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

*Lagt fram.*

**2. 2206003 - Kosning í ráð og nefndir tímabilið 2022 - 2026**

Ljúka þarf kosningu í ráð og nefndir.

*Lögð er til eftirfarandi skipan en samkvæmt kosningarlögum, sbr. 3.mgr. 17. gr. laga nr. 112/2021, kjósa kjörstjórnir sjálfar sér oddvita og skipta að öðru leyti með sér verkum:*

*A. Yfirkjörstjórn*

*Aðalmenn:*

*Hugrún Olga Guðjónsdóttir  
Einar Gunnar Einarsson  
Björn Kjartansson*

*Varamenn:*

*Geir Guðjónsson  
Brynjar Sigurður Sigurðarson  
Karitas Jónsdóttir*

*B. Kjörstjórn 1*

*Aðalmenn:*

*Ingunn Sveinsdóttir  
Viktor Elvar Viktorsson  
Bára Ármannsdóttir*

*Varamenn:*

*Hulda Björg Þórðardóttir  
Hjörvar Gunnarsson  
Bernóðus Örn Karvelsson*

*HL SPK*

*C. Kjörstjórn 2*

*Aðalmenn:*

*Hjördís Kvaran Einarsdóttir  
Lára Dóra Lárusdóttir  
Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir*

*Varamenn:*

*Guðlaug Sverrisdóttir  
Inga Þóra Lárusdóttir  
Bryndís Böðvarsdóttir*

*D. Kjörstjórn 3*

*Aðalmenn:*

*Hjördís Garðarsdóttir  
Sigmundur Ámundason  
Karitas Gissurardóttir*

*Varamenn:*

*Erna Björk Jónsdóttir  
Rannveig Guðmundsdóttir  
Auður Freydís Þórsdóttir*

*E. Kjörstjórn 4*

*Aðalmenn:*

*Ingibjörg Elín Jónsdóttir  
Sigríður Valdimarsdóttir  
Hlini Baldursson*

*Varamenn:*

*Ástrós Una Jóhannesdóttir  
Þórdís Árný Örnólfsdóttir  
Maron Kærnested Baldursson*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunartöku.*

*Samþykkt 3:0*

**3. 2207107 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024-2026**

Fyrri umræða um fjárhagsáætlun fór fram í bæjarstjórn Akraness þann 8. nóvember sl.

Málið sett á dagskrá til að huga að verkefnavinnu á milli umræðna.

Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála- og greiningar og Svava Guðlaug Sverrisdóttir deildarstjóri reikningshalds og greininga sitja fundinn undir þessum lið.

*LH Stek*

Bæjarráð óskar eftir frekari greiningu á eftirtöldum þáttum:

- Frekari rýning á launaútgjöldum.
- Frekari rýning á fasteignasköttum, þ.á m. áhrif mögulegrar lækkunar á framlög frá Jöfnunarsjóði.
- Frekari rýning á gjaldskrám.
- Frekari rýning á öðrum rekstrarliðum.
- Frekari rýning á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun.

Vinnugögn verði lögð fyrir á næsta fundi bæjarráðs þann 24. nóvember næstkomandi.

Bæjarstjóra falin úrvinnsla málsins.

Samþykkt 3:0

Kristjana Helga Ólafsdóttir og Svava Guðlaug Sverrisdóttir víkja af fundi.

#### 4. **2211055 - Þorablót Skagamanna 2023**

Erindi frá árgangi "79 um styrk vegna Þorablóts Skagamanna 2023.

Bæjarráð samþykkir að styðja hið árlega Þorablót Skagamanna með sambærilegum hætti og undanfarin ár með endurgjaldlausum afnotum af íþróttahúsinu á Vesturgötu en viðburðurinn verður þann 21. janúar 2023.

Bæjarráð áréttar að skipuleggjendur gæti sem fyrr að því að fylgja gildandi áfengislöggjöf hvort sem það lítur að þátttöku ungmenna í viðburðinum sjálfum eða við afgreiðslu veitinga til gesta.

Samþykkt 3:0

#### 5. **2211013 - Þjónusta sveitarfélaga 2022 - könnun Gallup**

Bæjarráð hyggst taka þátt í könnuninni annað hvert ár og verður Akraneskaupstaður því ekki með að þessu sinni.

Samþykkt 3:0

#### 6. **2211032 - Stígamót - styrkbeiðni vegna rekstrar**

Styrkbeiðni frá Stígamótum.

Bæjarráð vísar málinu til frekari úrvinnslu við afgreiðslu fjárhagsáætlunar vegna ársins 2023.

Samþykkt 3:0

Lh  
Sjeb

**7. 2211061 - OR - tillaga til eigenda um skilmálabreytingu EIB láns**

Tillaga stjórnar OR til eigenda um breytingu á skilmálum EIB láns.

*Bæjarráð samþykkir skilmálabreytingu á lánasamningi Orkuveitu Reykjavíkur og Evrópska fjárfestingarbankans (EIB), nr. 85.062 að fjárhæð EUR 70 milljónum, dags. 14. desember 2016.*

*Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunartöku.*

*Samþykkt 3:0*

**8. 2211062 - OR - upplýsingabeiðni vegna stjórnarsýslu dótturfélagsins Orka náttúrunnar**

Upplýsingabeiðni vegna stjórnarsýslu dótturfélagsins Orka náttúrunnar.

*Lagt fram.*

**9. 2210165 - Ljósleiðarinn - hlutafjárukning**

Á hluthafafundi Ljósleiðarans þann 24. október 2022 var samþykkt tillaga að hlutafjárukningu með fyrirvara um samþykki eigenda OR. Með hjálögðu erindi er þess farið á leit við eigendur OR að þeir staðfesti samþykkt hluthafafundarins. Bæjarráð fól bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins. Afgreiðslu málsins frestað á síðasta fundi.

*Bæjarstjóri fór yfir stöðu málsins.*

*Afgreiðslu frestað.*

*Samþykkt 3:0*

**10. 2211068 - Sveitarfélög til þátttöku við að þróa aðlögunaraðgerðir vegna loftslagsbreytinga**

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Skrifstofa loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofu Íslands, Byggðastofnun og Skipulagsstofnun óska eftir þátttöku nokkurra sveitarfélaga við að móta aðferðafræði fyrir sveitarfélög til þess að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga.

*Bæjarráð vísar erindinu til úrvinnslu skipulags- og umhverfisráðs Akraneskaupstaðar.*

*Samþykkt 3:0*

KL  
STP

**11. 2210153 - Íþróttamannvirki - fjárhagsáætlunargerð 2023**

Skóla- og frístundaráð fjallaði um erindi forstöðumanns íþróttamannvirkja sem varðar áherslur í tengslum við fjárhagsáætlun 2023 á fundi sínum þann 26. október 2022, tók undir tillögurnar og vísað til bæjarráðs til umfjöllunar.

Afgreiðsla bæjarráðs þann 31. október sl. var eftirfarandi:

Bæjarráð telur ekki forsendur til að verða við erindinu í heild sinni að svo stöddu sbr. afgreiðslu í máli nr. 3. Gert er ráð fyrir umfjöllun bæjarráðs um tiltekin þátt skipuritsins á næsta fundi ráðsins sem verður næstkomandi fimmtudag.  
Samþykkt 3:0

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundinn undir þessum lið sem og undir dagskrárlíðum nr. 12 og nr. 13.

*Bæjarráð samþykkir tillögu forstöðumanns um tímabundna breytingu á einu stöðugildi vaktavinnustarfsmanns í dagvinnustarf þar sem viðkomandi starfsmaður hefði tiltekið stjórnunarhlutverk í íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar og verði staðgengill forstöðumanns.*

*Bæjarráð samþykkir að fjárhagsáætlun vegna ársins 2023 taki mið af þessum kostnaði sbr. meðfylgjandi fylgigögn. Heimildin tekur til tímabilsins 1. janúar til og með 31. desember 2023.*

Samþykkt 3:0

**12. 2209285 - Bókasafn - kaup á tækjum**

Forstöðumaður Bókasafnsins óskar eftir viðbótarfjármagni til endurnýjunar á sjálfsafgreiðsluvél.

*Bæjarráð samþykkir erindi erindið.*

*Bæjarráð samþykkir úthlutun úr tækjakaupasjóði að fjárhæð kr. 3.000.000 sem færast á deild 05210-4660 og er ráðstafað af liðnum 20830-4660.*

Samþykkt 3:0

*Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 21 til samræmis við ofangreint og vísar til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar málsmeðferðar.*

Samþykkt 3:0

**13. 2111203 - Klifurfélag ÍA - aðstöðumál**

Erindi Klifurfélagsins um bættu aðstöðu o.fl.

Fulltrúar úr stjórn félagsins og þjálfari félagsins sem og Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Íþróttabandalags ÍA mæta á fundinn kl. 11:30.

*Bæjarráð þakkar fulltrúum Klifurfélagsins og ÍA fyrir komuna á fundinn.*

*Bæjarráð er sammála því að brýnt sé að leysa úr þörfum Klifurfélagsins og felur bæjarstjóra frekari úrvinnsla málsins í samvinnu við stjórn félagsins.*

Samþykkt 3:0

LH 5/20

**14. 2210072 - Hvalfjarðarsveit - sveitarfélagamörk - kaup - makaskipti**

Svar Hvalfjarðarsveitar vegna færslu sveitarfélagamarka (breytt lögsögumörk) vegna tiltekins landsskika í landi Akrakots.

Svar Hvalfjarðarsveitar um viðræður vegna kaupa eða makaskipta á landi af Hvalfjarðarsveit.

Lagt fram.

Bæjarstjóra falin frekari úrvinnsla málsins.

Samþykkt 3:0

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:30.**

Kif Lárusdóttir  
Ragnar Samundsson  
Valgerður L. Þórunn

Stein Freykrútt  
Stein Halgrímur